



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um stöðugildi leikskólakennara

Á fundi borgarráðs, 10. mars 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Hvað vantar í mörg stöðugildi leikskólakennara í dag og hvað eru margir í stöðum leikskólakennara sem ekki eru menntaðir leikskólakennarar? Í apríl 2021 voru starfandi í borgarreknum leikskólum Reykjavíkurborgar 432 leikskólakennarar með leyfisbréf í 379,6 stöðugildum. Leikskóladeildir í október 2021 voru 291. Þar af voru 193 deildir með starfandi leikskólakennara eða 66,3% en 98 leikskóladeildir voru ekki með starfandi leikskólakennara, hvorki í starfi deildarstjóra eða leikskólakennara í almennu starfi. Þetta eru gamlar tölur og er því spurt um nýjar.

Svar:

Í janúar 2023 voru starfandi 433 leikskólakennarar með leyfisbréf í borgarreknum leikskólum Reykjavíkurborgar í 391,4 stöðugildum (leikskólastjórar eru ekki taldir með í þessum tölum). Leikskóladeildir voru 308. Þar af voru 202 deildir með starfandi leikskólakennara eða 65,6% en 106 voru ekki með starfandi leikskólakennara, hvorki í starfi deildarstjóra eða leikskólakennara í almennu starfi. Tæp 26% starfsfólks leikskólanna eru leikskólakennarar með leyfisbréf. Aðrir 315 starfsmenn í 272 stöðugildum eru með annarskonar uppeldismenntun sem nýtist vel í starfi leikskólanna. Í heildina eru því 41% starfsmanna leikskóla með fagmenntun á sviði menntunar og uppeldis.

Það er ekki mögulegt að kalla fram fjölda leikskólakennara eftir deildum úr mannauðskerfum borgarinnar, aðeins eftir leikskólum. Því voru sendar spurningar til leikskólastjóra til að fá svör við fyrirspurninni.

Bent er á að ýmsa tölfræði um starfsemi sviðsins er að finna á eftirfarandi síðum:

<https://menntastefna.is/gaedastarf/tolfraedi/>

<https://reykjavik.is/skola-og-fristundastarf-i-tolum>